

**Nr. 18-174 S 117 Sindri VE 60*****Skipverji slasast á höfði***

*Skipaskr.nr.* 1274  
*Útgerð:* Vinnslustöðin hf.  
*Smíðaður:* Japan, 1972, stál  
*Stærð:* 582,96 brl. 849,03 bt.  
*Mesta lengd:* 57,89 m *Skráð lengd:* 53,68 m  
*Breidd:* 9,50 m *Dýpt:* 6,50 m  
*Vél:* Niigata, 1691 kw, 1988  
*Fjöldi skipverja:* 15



Sindri © Óskar Friðriksson

**Gögn:**  
Gögn RNSA

*Málið afgreitt á fundi 8. apríl 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Hirti Emilssyni*

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 17. mars 2018 var Sindri VE 60 á togveiðum á Melsekk. Veður: SA 15 m/sek.

Skipverji var við vinnu á millipilfari þegar hann rak höfuðið í tessa á efri lúgu og slasaðist.

***Við rannsókn kom fram:***

- að skipverjinn var að hlaupa yfir lestarlúguna á millidekkinu þegar hann rak ennið í einn tessa á veðurpilfarslúgunni;
- að skipverjinn vankaðist og fékk heilahristing;
- að hann var með derhúfu með plastskel sem kom í veg fyrir frekari áverka;
- að hætt var að nota tessa á horninu eftir slysið þar sem mikill umgangur var þar um.

***Nefndarálit:***

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.